

**Sp. 45. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]**

um nýja héraðsskóla o. fl.

Flm.: Ingvar Gislason, Páll Þorsteinsson, Björn Fr. Björnsson,  
Halldór E. Sigurðsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna millipinganefnd, er kanni aðstæður unglunga í sveitum og þorpum til gagnfræða- eða miðskólanáms og einkum hver þörf einstakra sýslna eða landshluta er fyrir nýja eða stærri héraðsskóla eða aðra gagnfræðaskóla.

Jafnframt skal nefndin athuga þörf dreifbýlisins fyrir heimavistarbarnaskóla eða heimangönguskóla eftir staðháttum og einnig með hverju móti megi tryggja á viðunandi hátt, að börn og unglingar í dreifbýli fái stundað skólanám til 15 ára aldurs.

**Greinargerð.**

Hlutverk umræddrar millipinganefndar yrði aðallega:

- a) að kanna þörfina fyrir nýja héraðsskóla eða aðra gagnfræðaskóla í sveitum og þorpum;
- b) að athuga þörf dreifbýlisins fyrir nýja barnaskóla;
- c) að athuga, hvernig hægt sé að tryggja, að börn og unglingar í sveitum fái stundað skólanám til 15 ára aldurs.

Svo sem alkunna er, hafa starfandi héraðsskólar í landinu, 8 að tölu, verið meira en fullsetnir mörg undanfarin ár og hvergi nærri getað fullnægt umsóknum um skólavist. Liggja upplýsingar fyrir um það, að hundruðum unglunga hefur verið vísað frá héraðsskólunum á ári hverju. Að vísu mun nokkur hluti umsækjenda um vist í héraðsskólum vera úr kaupstöðum, þar sem gagnfræða- eða miðskólar eru starfandi, en flestir eru þó úr sveitum eða þorpum, þar sem litlir eða alls engir möguleikar eru til framhaldsnáms. Nú ber að sjálfsögðu fyrst og fremst að miða fjölgun héraðsskóla við þarfir unglunga í sveitum og þorpum, en eigi ætti það að draga úr nauðsyn héraðsskólafjölgunar, ef svo er sem virðist, að margir kaupstaðunglingar sækist fremur eftir vist í héraðsskólum en í gagnfræðaskólum síns heimakaupstaðar. Er full ástæða til að halda því fram, að fjölgun héraðsskóla ætti á næstu árum að sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum gagnfræðaskólabyggingum, og mundi því væntanlega ekki aðeins verða fagnað í sveitum og sjávarþorpum víðast hvar um landið, heldur er næsta líklegt, að það yrði fagnaðarefni mörgum kaupstaðarbúum.

Á það er vert að benda, að stöðvun er nú fyrir löngu komin í stofnun nýrra héraðsskóla og því eðlilegt, að skortur þeirra sé farinn að segja alvarlega til sín. Úrbætur í þessu máli hljóta fyrst og fremst að felast í því að fjölga héraðsskólum frá því, sem nú er. Flutningsmenn brestur gögn til þess að segja nákvæmlega fyrir um það á þessu stigi, hve margra nýrra héraðsskóla sé þörf, enda yrði hlutverk umræddrar millipinganeftndar að kanna það. Hins vegar má gera ráð fyrir, að nauðsynlegt sé að bæta við allmörgum nýjum skólum, ef vel á að vera. Núverandi ástand í framhaldsskólumálum dreifbýlisins er óviðunandi, vegna þess að engan veginn er hægt að tryggja áhugasömum nemendum eðlilega framhaldsmenntun. Er það tvímælalaust skylda þjóðfélagsheildarinnar að bæta úr þeim skorti og sjá til þess, að aðstaða unglunga til almennrar menntunar — bæði skyldunáms og framhaldsmenntunar — sé sambærileg, hvort sem þeir eiga heima í sveit eða kaupstað. Að áliti flutningsmanna vantar mikið á, að námsaðstaða sé jöfn í sveitum og bæjum, og sá ójöfnuður mun vaxa enn meira, ef ekki verður skjótlega úr bætt með viðunandi ráðstöfunum.

Af eðlilegum ástæðum er framkvæmd fræðslu- eða skólaskyldu barna með nokkuð ólíkum hætti eftir því, hvort um er að ræða dreifbýli eða þéttbýli, enda þótt fræðslulögin geri í sjálfu sér ráð fyrir því, að dreifbýlisbörn njóti sömu fræðslu og börn í þéttbýli. Staðhættir eru þó svo ólíkir, að skólafyrirkomulagi bæjanna sem slíku verður tæpast við komið í sveitum að öllu leyti. Í þéttbýlinu, a. m. k. í öllum kaupstöðum og stærri kaupunum, annast fastir skólar alla barnafræðslu frá 7 ára aldri, og þar ljúka börn barnaprófi, svo sem fræðslulög mæla fyrir um, 13 ára gömul, en síðan er þeim skylt að sækja unglingaskóla næstu tvo vetur, og að því búnu ljúka þau unglingaprófi, þá 15 ára, og er þar með lokið skyldunámi, nema annað hafi sérstaklega verið ákveðið af viðkomandi bæjar- eða hreppsfélagi.

Í dreifbýlinu er fræðslu- og skólumálum yfirleitt ekki skipað með þessum hætti í reynd, og á það sér stoð í undanþáguákvæði í lögum um fræðslu barna, þar sem segir, að ef skólanefnd í skólahverfi í sveit sækir um, að skólaskylda hefjist ekki í skólahverfi hennar fyrir en við 8, 9 eða 10 ára aldur, þá geti fræðsluráð veitt undanþágu að fengnum meðmælum námsstjóra. Þar sem þessi ráðstöfun hefur verið gerð, skulu heimilin annast fræðslu frá 7 ára aldri barnanna, unz skólaskylda hefst í hverfinu, en hlíta um hana eftirliti kennara skólahverfisins. Samkvæmt þessu hefja sveitabörn víða ekki skólagöngu fyrir en 10 ára, en njóta kennslu á heimilum frá 7 ára aldri undir eftirliti kennara skólahverfisins. Við þetta er því að bæta, að víðast mun skylduskólagöngu sveitabarna ljúka, þegar þau eru 14 ára, og taka þau þá svokallað fullnaðarpróf. Af þessu sést, að skólaganga sveitabarna er víðast hvar miklu styttri en í kaupstöðum og að skólanámi lýkur við lægri aldur, þ. e. 14 ár í stað 15, sem er almennast í þéttbýlinu og fræðslulögin gera enda ráð fyrir sem aðalreglu.

Flutningsmenn þessarar tillögu gera ekki ráð fyrir, að í náinni framtíð verði hægt að koma á sama skólaskipulagi í sveitum og bæjum í einu og öllu, en hitt telja þeir nauðsynlegt, að könnuð sé þörf dreifbýlisins fyrir nýja og fullkomnari barnaskóla, og mundu þar bæði koma til greina heimavistarskólar og heimangönguskólar eftir staðháttum. Sums staðar á landinu hafa tveir eða fleiri hreppar sameinast um einn heimavistarbarnaskóla, og telja margir, að rétt sé að hverfa að slíku fyrirkomulagi víðar en orðið er. Mundi það verða annað höfuðatriðið í starfi umræddrar millipinganeftndar að kanna þörf dreifbýlisins fyrir slíka skóla eða heiman-gönguskóla, ef staðhættir og aðrar ástæður leyfðu.

En jafnframt slíkri könnun er nauðsynlegt að athuga möguleika á því að halda uppi unglingafræðslu í sambandi við barnaskóla sveitanna (eða á annan hátt), þannig að börnin í dreifbýlinu eigi þess kost að stunda skólanám (skyldunám skv. lögum) til 15 ára aldurs, helzt heima í sínu skólahverfi, hvort sem það nú væri einn hreppur eða fleiri saman. Ef slíkt fyrirkomulag kæmist á, mundu börnin og

unglingarnir geta lokið skólaskyldu sinni í barna- og unglingskóla sinnar sveitar eða skólahverfis og þyrftu þá almennt ekki að vera nema eitt ár í héraðsskóla til þess að ljúka miðskólanámi, þ. e. hinu svokallaða „landsprófi“, sem veitir rétt til frekara framhaldsnáms, m. a. í menntaskóla og kennaraskóla.